

**Sveitarstjórn Grímsnes-og Grafningshrepps
Borg
805 Selfossi**

Laugarás 19. júní 2023

Efni: Skólavist barns utan lögheimilis

Velferðarþjónustu Árnesþings barst beiðni frá Birtu Flókadóttur í endann maí 2023 þar sem hún óskaði eftir að skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings aðstoðaði hana að sonur hennar, Dagur Spói Birtuson Atlason kt. 201208-2110 fengi að klára 10. bekk í Sjálandsskóla í Garðabæ en hann hefur stundað nám þar frá því í 5. bekk. Birta hafði sótt um skólavist utan lögheimilis til sveitarstjórnar en fékk höfnun. Í svarbréfi frá Sveitarljóra dagsett 19. maí sl. kemur m.a. fram að Birta geti leitað til Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþing til þess að fá greiningu á því hvað barninu fyrir bestu og þá rökstuðning með að hann stundi skóla utan lögheimilis.

Fjallað var um ofangreint erindi á teymisfundi velferðarþjónustu Árnesþings þann 30. maí 2023. Á fundinum var undirritaðri falið að kanna málið og ræða við aðila sem gætu gefið góða mynd af því hvað barninu væri fyrir bestu.

Við athugun á málinu var rætt við nokkra aðila s.s. Sesselju Þóru Gunnarsdóttur, skólastjóra Sjálandsskóla og Sigríði G. Guðmundsdóttur, kennara og verkefnastjóra í unglíngadeild Sjálandsskóla. Þær voru báðar á því að hagsmunir Dags væru þeir að hann fengi að klára grunnskólann í Sjálandsskóla, Sigríður lýsti honum sem flottum dreng glaðvær en frekar hlédrægur og feiminn en ætti sína vini í skólanum. Góður námsmaður og þyrfti ekki neina sérkennslu að halda. Mæting í skóla hefur verið mjög góð í gegnum árin. Sigríður orðaði það svo að hún gæti vart hugsað sér að hann fengi ekki að klára 10 bekk hjá þeim.

Rætt var við Jónu Björg Jónsdóttur, skólastjóra Kerhólsskóla. Jóna var spurð út í fyrirkomulag kennslu á unglíngastigi og hvað væru mörg börn sem væru að fara í 10. bekk á næsta skólaári. Hún sagði að það væri samkennsla á unglíngastigi en það væri ekkert barn að fara í 10. bekk hjá þeim á næsta skólaári. Hún hafði ekkert heyrt um að það væri að koma barn í 10. bekk og talaði hún um að hún mælti með að umrætt barn fengi að klára grunnskólagöngu sína í þeim skóla sem hann hefur verið í undanfarin ár.

Einnig ráðfærði undirrituð sig við Gunnlauga Hermannsdóttur, deildarstjóra skólalþjónustu Árnesþings. Hún mælti með að hann fengið að klára grunnskólann í Sjálandsskóla, þar sem hann væri að klára 10. bekk.

Við skoðun á því hvað væri drengnum fyrir bestu í sambandi við skólamálin næsta vetur komu upp vangaveltir af hverju móðir Dags væri að flytja lögheimili á þessum tímapunkti. Rætt var við móður Dags og hún spurð út í lögheimilisflutninginn á þessum tímapunkti. Hún sagði að þau væru búin að búa í sveitarfélaginu um tvö ár og þeim mæðgin líkaði vel og fannst henni ekki annað hægt en að fara

að skipta um lögheimili. Enda er það í samræmi við lög um lögheimili og aðsetur nr. 2018/80. En þar segir í 2. gr laganna kemur m.a. fram: „lögheimili er sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu. /.../ Með fastri búsetu er átt við þann stað þar sem einstaklingur hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna náms, orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.”

Í 1. mg. viðmiðunarreglna vegna grunnskólanáms sem voru samþykktar 2013 kemur m.a. fram að „nemendur á grunnskólaaldri stunda að jafnaði nám í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili.,, En einnig kemur fram í sömu grein að það sé heimilt að víkja frá þessu í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar barn flyst í annað sveitarfélag á skólaárinu, sbr. 2. gr.
2. Þegar forsjáraðili barns óskar eftir að það fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags, sbr. 3.- 5. gr.
3. Þegar barni er ráðstafað í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi, sbr. 6. gr.


Í þessu tilfelli hefur forsjáraðili óskað eftir að barnið fái að klára lokaárið sitt í grunnskólann utan lögheimilis.

Miðað við þær upplýsingar sem undirrituð hefur fengið þarf Dagur ekki neina sérkennslu þannig að kostnaður lögheimilis sveitarfélagsins ætti að vera í lágmarkið eða um 240.000 á mánuði miðað við gjaldskrá með viðmiðunarreglum vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags.

Undirrituð telur, miðað við ofangreindar upplýsingar og þann rökstuðning sem móðir hefur nú þegar sent á sveitarstjórn Grímsnes-og Grafningshrepp, að sveitarfélagið geti vel horft til undanþágu skv. 5. mgr. 5. gr. lögum um grunnskóla nr. 91/20 08 en þar kemur m.a fram að sveitarstjórn hafi heimild til að semja við annað sveitarfélag um að veita barni skólavist. Að því sögðu mælir undirrituð með að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreppi samþykki að Dagur Spói Birtuson Atlason kt. 201208-2110 fái að klára grunnskólagöngu sína í Sjálansskóla í Garðabæ skólaárið 2023-2024.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaða, netfang: anny@arnesthing.is

f.h. skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings



Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi

Deildarstjóri velferðarþjónustu

Afrit sent til móður:

birta.flokadottir@gmail.com